


# BLÆÐING FRÁ LEGGÖNGUM Á FYRSTA ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU

Blæðing er algeng snemma á meðgöngu og getur verið meinlaus. Blæðing getur þó verið merki um yfirvofandi fósturlát eða jafnvel þungun utan legs. Alltaf er ástæða til að leita ráða hjá heilbrigðisstarfsfólki.

Oft er erfitt að finna orsök blæðingar mjög snemma á meðgöngu og getur þurft að fylgja konunni eftir um tíma uns endanleg greining fæst. Aðferðir við greiningu byggja einkum á eftirfarandi þáttum: einkennum, klínísku mati, ómun og í sumum tilvikum mælingum á þungunarhormóni ( $\beta$ HCG). Greining og meðferð er gjarnan í samvinnu heilsugæslu og kvennadeildar og /eða kvensjúkdómalækna á stofu.



Heilbrigðisstarfsfólk getur ráðfært sig við vakthafandi hjúkrunarfræðing á Móttökudeild Kvennadeildar LSH í síma 824-8141 frá kl. 8 til 16.

## MISMUNAGREININGAR VIÐ BLÆÐINGU FRÁ LEGGÖNGUM Á FYRSTA ÞRIÐJUNGI MEÐGÖNGU.

### FÓSTURLÁT

Um það bil fimmtungur allra þungana endar með fósturláti og er blæðing oft fyrsta einkennið. Langflest fósturlát eiga sér stað á fyrsta þriðjungi meðgöngu og verða vegna galla þannig að fóstrið er ekki lífvænlegt. Þegar hjartsláttur hefur sést við sónarskoðun er fóstrið talið lífvænlegt og hættan á fósturláti er þá komin niður í 3%.

Ef fósturlát er staðfest fer meðferð eftir lengd meðgöngu, einkennum og óskum konu. Til greina kemur að bíða eftir að legið tæmi sig sjálft, taka lyf sem flýta því að legið tæmi sig eða tæma legið með aðgerð.

### UTANLEGSÞUNGUN

Hér er átt við þungun sem er ekki í legholinu, oftast í eggjaleiðurum. Tíðnin er talin vera um það bil 1 af hverjum 100 þungunum. Utanlegspungun kemur fyrr eða síðar til með að gefa einkenni og hefur aldrei möguleika á að dafna eins og eðlileg þungun. Hún getur ógnað lífi og heilsu móður. Því þarfnast hún meðhöndlunar, annað hvort með lyfjum eða skurðaðgerð.

Einkenni um utanlegspungun geta verið eftirfarandi:

- Blæðing eða brúnleit útferð
- Krampakenndir kviðverkir og/eða sárir verkjastingir öðrum megin í kvið
- Verkur sem leiðir upp í öxl og/ eða þrýstingur á endaparm
- Svimi og yfirlið
- Ógleði, uppköst og/eða niðurgangur

Sérstaklega þarf að útiloka utanlegspungun hjá konum sem eru þungaðar með lykkju eða með sögu um utanlegspungun eða aðgerðir á eggjaleiðurum.

Ef þungun hefur verið staðfest í legi er ekki grunur um utanlegspungun.

### AÐRAR ORSAKIR FYRIR BLÆÐINGU

Blæðing frá leghálsi eða legi (bólga, slímhúðarsepar, viðkvæm slímhúð, hreiðurblæðing ofl.) þar sem fóstrið er lífvænlegt.